

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2019

2020/EES/44/07

frá 29. mars 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1564 frá 17. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum mjólkurkúm og öðrum jórturdýrum til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráfærugrísam og eldissvínunum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1565 frá 17. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088), sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, aðrar en varpfugla, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráfærugrísu, eldissvín og aukategundir svína (leyfishafi er Elanco GmbH) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1569 frá 18. október 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1110/2011 um leyfi fyrir ensímblöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 114044), sem fóðurukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla og eldissvín (leyfishafi er Roal Oy) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1903 frá 5. desember 2018 um leiðréttingu á IV., VI. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess og um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af II., IV., V. og VI. viðauka við þá reglugerð ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 2zt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1110/2011):

„, breytt með:

⁽¹⁾ Stjútð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 20.

⁽²⁾ Stjútð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 24.

⁽³⁾ Stjútð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjútð. ESB L 310, 6.12.2018, bls. 22.

- **32018 R 1569:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1569 frá 18. október 2018 (Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 37).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 48. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 767/2009):
- „– **32018 R 1903:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1903 frá 5. desember 2018 (Stjtið. ESB L 310, 6.12.2018, bls. 22).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 274. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1568):
- „275. **32018 R 1564:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1564 frá 17. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum mjólkurkúm og öðrum jörturdýrum til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráferugrísu og eldissvínum (Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 20).
276. **32018 R 1565:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1565 frá 17. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088), sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, aðrar en varpfugla, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráferugrísi, eldissvín og aukategundir svína (leyfishafi er Elanco GmbH) (Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/1903 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/1564, (ESB) 2018/1565 og (ESB) 2018/1569, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.